





UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

ÍSLENSK UTANRÍKISMÁL 2017



Úrdráttur úr skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis 2017

SAMSTARF EVRÓPURÍKJA,
BANDARÍKJANNA OG KANADA
Á SVIÐI EFNAHAGS-, VIÐSKIPTA-
OG VARNARMÁLA



Útgefandi
Utanríkisráðuneytið
www.utanrikisraduneyti.is

Hönnun og umbrot
Jónas Þorbergsson, Fínína

Ljósmyndir
Utanríkisráðuneytið,
UN Photo Library, Rauði
krossinn, Unsplash og iStock



Utanríkisþjónustan lagi sig að kröfum 21. aldarinnar



Öflug utanríkisstefna og virk þátttaka í alþjóðasamstarfi er lífshagsmunamál fyrir Íslendinga. Þannig gætum við hagsmuna okkar í öryggis- og varnarmálum, sjálfbærri auðlindanýtingu, þróunarsamvinnu, viðskipta- og menningarhagsmuna og látum rödd Íslands heyrast í umræðunni um hnattræn málefni.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar kveður skýrt á um að grunnstoðir utanríkisstefnunnar eru samstarf vestrænna ríkja, evrópskt og norrænt samstarf, aðild að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu, varnarsamningurinn og friðar- og öryggissamstarf. Þar segir enn fremur að huga beri vandlega að samstarfi á norðurslóðum og að áfram verði lögð áhersla á viðskiptafrelsi og alþjóðlega samvinnu á sviði öryggis- og þróunarmála.

Þetta kallar á þátttöku í fjölbreyttu og þéttriðnu alþjóðakerfi og kostar sitt í fé og mannafla, en við Íslendingar höfum ekki efni á aðgerðaleyfi í utanríkismálum. Íslendingar eiga því láni að fagna að vera viðsýn þjóð, sem vill sækja það besta til annarra þjóða, en jafnframt byggja á íslenskri menningu og þeim gildum sem við eigum sameiginleg með vestrænum þjóðum; lýðræði, réttarríki, mannréttindi og fjálfest hagkerfi.

Í upplýsingabæklingi þessum eru dregnir fram fjórir þættir í utanríkisstefnunni; öryggis- og varnarmál, utanríkisviðskipti, auðlinda- og umhverfismál og þróunarsamvinna. Ítarlegri umfjöllun um hin fjölmörgu málefnasvið, sem utanríkisþjónustan vinnur að, er aftur á móti að finna í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis 2017. Sú skýrsla er með öðru sniði en áður og dregur mið af fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar er nú lögð áhersla á markmið og mælikvarða starfsins, árangur þess og aðgerðaáætlanir.

Markmið og áherslur í utanríkismálum taka breytingum, eðli málsins samkvæmt, og að sama skapi skipulag starfsins. Í fámennri utanríkisþjónustu, eins og okkar, er mikilvægt að hafa markmið utanríkisstefnunnar skýr. Í þeim efnum þarf að nýta vel fjárhagslegt svigrúm og mannauð, heima sem erlendis. Reglulega hefur farið fram endurskoðun á starfi, áherslum og markmiðum utanríkismála, síðast árið 1998. Þar sem nokkuð er um liðið hef ég nú sett af stað nýtt endurskoðunarferli með stýrihópi undir forystu reynds sendiherra sem skoðar hagsmunagæslu okkar til framtíðar. Hópurinn hefur samráð við atvinnulífið um það hvernig ráðuneytið og sendiskrifstofur erlendis geti sem best þjónað í þágu hagsmuna þjóðarinnar og atvinnulífsins á mörkuðum erlendis. Vænti ég mikils af þessu starfi og hef fulla trú á því að utanríkisþjónustan muni laga sig að kröfum 21. aldarinnar. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu í lok sumars og hafa þá í höndum gott og öflugt tæki fyrir starf okkar að utanríkismálum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

- 2 ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL
- 4 UTANRÍKISVIÐSKIPTI
- 6 AUÐLINDIR OG LOFTSLAGSMÁL
- 8 ÞRÓUNAR-SAMVINNA
- 10 MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

Öryggis- og varnarmál eru eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar. Hornsteinar varna landsins eru eftir sem áður varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO). Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland hefur lagt áherslu á málefni sem varða Norður-Atlantshafið og öryggismál á hafi, svo og varnaráætlanagerð vegna þess svæðis.

Þjóðaröryggi

Innan tíðar verður skipað þjóðaröryggisráð og hefur þá stórt skref verið stigið í samhæfingu öryggis- og varnarmála Íslands, en á síðustu misserum hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og lög um þjóðaröryggisráð. Hlutverk ráðsins er að hafa eftirlit með framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar, stuðla að umræðu um öryggis- og varnarmál og standa fyrir endurskoðun stefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Þjóðaröryggisstefnan tekur jafnt til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almännaöryggis. Hún veitir heildstæða sýn á öryggis- og varnarmál í ljósi breyttrar heimsmyndar, nýrrar tækni og þeirra áskorana sem ríki heims standa frammi fyrir. Í henni eru tilgreindir hornsteinar varna Íslands, aðildin að Atlantshafsbandalaginu og samstarfið við Bandaríkin á grundvelli varnarsamningsins, auk áhersluflokka eins og hryðjuverka og netógnna, umhverfisöryggis á norðurslóðum og náttúruhamfara.

Loftrýmisgæsla

Sameiginleg yfirlýsing Íslands og Bandaríkjanna um samstarf í öryggis- og varnarmálum frá 2016 kveður m.a. á um áframhaldandi stuðning Bandaríkjanna við loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins hér á land, tímabundna viðveru kaþátaleitarflugvéla og náðið samráð um öryggis og varnarmál. Á síðasta ári tóku Bandaríkin, Noregur og Tékkland þátt í loftrýmisgæslu bandalagsins hér á landi, en á árinu 2017 sinna Ítalir, Kanadamenn og Bandaríkin loftrýmisgæslunni. Alls hafa níu ríki staðið 26 vaktir frá árinu 2007 þegar Atlantshafsbandalagið ákvað að loftrýmisgæslu yrði komið á.

Virk þátttaka í starfi NATO

Framlög Íslands til varnarmála og Atlantshafsbandalagsins hafa aukist á undan liðnum árum. Íslensk stjórnvöld hafa fjölgað borgaralegum sérfræðingum í störfum innan bandalagsins og aukið við gistiríkisstuðning á öryggis-svæðinu á Keflavíkurlugvelli. Rekstur varnarmannvirkja á öryggissvæðinu og starfræksla ratsjárkerfisins, sem nær yfir umfangsmikið svæði á Norður-Atlantshafinu, er veigamikill þáttur í framlagi Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins.

Þátttaka í varnaræfingum NATO kallar á víðtækt samráð helstu stofnana sem koma að framkvæmd öryggis- og varnarmála á Íslandi. Kaþátarleitaræfingin Dynamic Mongoose fer fram sumarið 2017 og varnaræfingin Trident Juncture verður haldin haustið 2018. Ísland tekur árlega þátt í North Challenge æfingunni en markmið hennar er að æfa sprengjueyðingu og viðbrögð við hryðjuverkum.

Stöðugleiki og lýðræði í Evrópu

Ísland tekur þátt í margvíslegu fjölþjóðasamstarfi sem miðar að því að tryggja stöðugleika og öryggi í álfunni. Hlutverk **Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)** í Vínarborg er að tryggja öryggi og frið á ÖSE-svæðinu með því að standa vörð um grundvallarmannréttindi, lýðræði og réttarríkið, stuðla að friðsamlegri lausn deilumála og friðhelgi landamæra. Nú eru um 800 alþjóðlegir eftirlitsmenn frá hátt í 50 ríkjum að staðaldri í eftirlitsverkefni ÖSE í Úkraínu.



Evrópuráðið í Strasborg stuðlar að stöðugleika og friði í álfunni, auk þess að vera er mikilvægur vettvangur mannréttindaumræðu og réttinda borgaranna.

Ísland gegnir nú formennsku í **Eystrasaltsráðinu (CBSS)** á 25 ára afmæli þess. Mikilvægur þáttur með aðildinni að ráðinu er að gæta hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi og grannsvæðum. Á formennskuárinu leggur Ísland sérstaka áherslu á lýðræði, jafnrétti og málefni barna.

Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á síðustu árum, m. a. innan vébanda **norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO)**. Mikilvægi þess að Norðurlönd séu samstíga í utanríkismálum kemur vel í ljós í samstarfi innan fjölpjódastofnana og í samskiptum við önnur ríki. Á vettvangi utanríkisráðherranna er stefna ríkjanna samræmd og oft tekin sameiginleg afstaða til alþjóðlegra viðfangsefna.



ÁHERSLUR RÁÐHERRA

Ég vil tryggja að á Íslandi séu góðar og trúverðugar varnir og eiga náð samstarf við nágrannaþjóðir um öryggis- og varnarmál. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar kveður skýrt á um að grunnstoðir utanríkisstefnu Íslands eru samstarf vestrænna ríkja, evrópskt og norrænt samstarf, aðild að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu, varnarsamningurinn og friðar- og öryggis-samstarf. Huga beri vandlega að samstarfi á norðurslóðum og áfram verði lögð áhersla á viðskiptafrelsi og alþjóðlega samvinnu á sviði öryggis- og þróunarmála.

Það var mikill samhljómur á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í lok mars. Ljóst er að bandalagið er og verður hornsteinn í samstarfi lýðræðisríkja beggja vegna Atlantshafsins. Stefna Bandaríkjanna eru skýr í þessa veru. Ísland hefur aukið framlög sín til bandalagsins og við munum halda áfram á sömu braut. Á fundinum ræddum við eflingu sameiginlegs varnarviðbúnaðar og viðnámsþols gagnvart nýjum öryggisáskorunum. Sérstök áhersla hefur verið á að efla hefðbundnar varnir og viðveru bandalagsins í austanverðri Evrópu, en jafnframt var samstaða um að leita leiða til að draga úr spennu, auka gagnsæi og traust í samskiptum við Rússland.

UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Samstarfið innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) er grundvallarþáttur í viðskiptastefnunni, og samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið (ESS) er á meðal víðtækasta alþjóðasamstarfs sem Ísland tekur þátt í. Stöðugt þarf að tryggja íslenska viðskiptahagsmuni og stuðla að auknum útflutningi í tvíhliða og fjölþjóðlegu viðskiptasamstarfi.

Fríverslun

EFTA-ríkin vinna stöðugt að því að efla fríverslunarnet samtakanna. Tryggja þarf sem best íslenska hagsmuni í einstökum viðræðum, hvort sem er í nágrannalöndum, eins og Færeyjum og Grænlandi, eða fjarlægum ríkjum í Asíu og Suður-Ameríku. Ísland leggur áherslu á að EFTA-ríkin hefji sem fyrst fríverslunarviðræður við lönd þar sem íslenskir útflytjendur eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta. Fríverslunarnet EFTA nær nú til 870 milljón neytenda.


Útflutningur EFTA-ríkjanna til samningsríkjanna hefur vaxið úr 6,5 milljörðum evra árið 2006 í 37 milljarða evra árið 2015. Hlutfall útflutnings til þessara ríkja hefur jafnframt vaxið úr 3,0% í 12,4% á meðan hlutdeild ESB hefur dregist saman úr 71% í 62%. Einnig má geta þess að hlutdeild evru í útflutningstekjum er 26,8% en Bandaríkjadals 57,5%.

Hagsmunagæsla innan EES

Nýr EES-gagnagrunnur gefur heildaryfirsýn yfir ferli EES-gerða allt frá mótunartigi til upptöku í EES-samninginn og innleiðingar í íslenska löggjöf. Skipulega þarf að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri í umræðu um stefnumótun ESB, nýta möguleika sem Ísland hefur til að taka virkan þátt í mótun löggjafar ESB og koma á framfæri afstöðu Íslands við stofnanir og aðildarríki Evrópusambandsins og afla þeim fylgis.

YFIRLIT YFIR FRÍVERSLUNARNET EFTA, ÍSLANDS OG ESB

EFTA-ríkin hafa gert 27 fríverslunarsamninga sem taka til 38 ríkja utan ESB og hafa 25 þeirra samninga þegar tekið gildi.





Brexit

Þegar úrsögn Bretlands úr ESB verður að veruleika munu samskipti Íslands og Bretlands ekki lengur byggja á EES-samningnum. Þetta skapar Íslandi og Bretlandi tækifæri til að móta samskipti sín á nýjum grundvelli en þýðir um leið að ekki verður lengur byggt á þeim gagnkvæmu réttindum sem ríkisborgarar og fyrirtæki frá Íslandi eða Bretlandi njóta á grundvelli EES-samningsins. Það er því eitt af forgangsverkefnum utanríkisþjónustunnar að móta traustan grunn fyrir framtíðarsamskipti Íslands og Bretlands. Við útgönguna munu Bretar taka aftur forræðið yfir eigin fiskveiðum og taka yfir það umboð sem áður var í höndum framkvæmdastjórnar ESB í samningaviðræðum um deilistofna á borð við makríl. Samráð um sjávarútvegsmál er þegar hafið.

Viðskiptaþjónusta


Fullur vilji er til að efla viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og samstarf hennar við Íslandsstofu og aðra þá aðila innanlands sem hagsmunum eiga að

gæta. Viðskiptaþjónustan er mikilvæg fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðlegum mörkuðum og aðila á sviði menningar, landkynninga og viðskipta. Sjö viðskiptafulltrúar eru í fullu starfi og þrjár í hálfu starfi. Allar sendiskrifstofur Íslands sinna viðskiptaþjónustu, ferðamálum og menningarkynningu.

Horft til framtíðar

Utanríkisviðskiptastefnan hlýtur að draga mið af breytilegum mörkuðum, einkanlega miklum vexti millistétta í heiminum, hvort sem er í Asíu, Suður-Ameríku og ekki síst Afríku. Millistéttni í Kína er orðin fjölmennari en allir íbúar Bandaríkjanna og því er spáð að kaupmáttur millistéttarinnar á Indlandi muni aukast fjórfalt á næstu þjátíu árum og hafa þá farið fram úr Kína. Samanlagt mun neysla millistéttarinnar í þessum tveimur fjölmennustu ríkjum veraldar verða meiri en sambærileg neysla í Bandaríkjunum, Evrópu, öðrum ríkjum Asíu, Afríku og Suður-Ameríku.

HLUTFALL NEYSLU MILLISTÉTTARINNAR Á HELSTU VIÐSKIPTASVÆÐUM 2000-2050, SAMKVÆMT OECD



ÁHERSLUR RÁÐHERRA

Nú, þegar umræðan hér á landi um viðskiptastefnuna er að mestu laus úr viðjum kröfunnar um aðild að Evrópusambandinu, er full þörf á að styrkja starf okkar innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). EES-samningurinn hefur augljósa kosti fyrir ríki eins og Ísland, sem hefur mikla hagsmuni í Evrópusambandinu en vill ekki gerast aðili að því.

Fríverslun er lykilatriði fyrir Íslendinga. Við öllum áskorunum þarf því að bregðast til að verja markaði og störf innanlands og blása til sóknar á öðrum þar sem tækifærin leynast á næstu árum. Ég vil efla viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og samstarf hennar við Íslandsstofu og starf allra sendiskrifstofa Íslands að viðskiptaþjónustu, ferðamálum og menningarkynningu.

Um þessar mundir er verið að greina áhrifin af Brexit og mikilvægustu hagsmuni Íslands í því sambandi. Á síðustu mánuðum hef ég fundað með öllum utanríkisráðherrum EFTA, utanríkismálastjóra ESB og aðal-samningamanni ESB fyrir Brexit. Fyrir skömmu átti ég fundi með utanríkisráðherra Bretlands og öðrum breskum stjórnáráðgjöf. Á fundinum með utanríkisráðherranum vorum við sammála um að viðskipti landanna í kjölfar útgöngu Breta verði byggð á grunni sem veitir jafngóðan eða betri markaðsaðgang og nú ríkir á grundvelli EES. Við ætlum einnig að útvíkka reglubundið samráð til að ræða frekar sértæk sameiginleg hagsmunamál, eins og sjávarútvegsmál og fiskveiðistjórnun, orku- og umhverfismál, sem og réttindi borgaranna.

AUÐLINDIR OG LOFTSLAGSMÁL

Sjálfbær nýting auðlinda hafsins, endurnýjanleg orka, áhrif loftslagsbreytinga og viðnám gegn slæmum áhrifum þeirra eru málaflokkar sem fá sífellt meira vægi og brýnt að tryggja um þá heildstæða stefnumörkun og samræmdan málflutning. Hlýnun jarðar er ein mesta áskorun sem mannkynið stendur frammi fyrir. Viðbrögð við loftslagsbreytingum eru því einn af meginþáttum í málflutningi Íslands á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla er lögð á áhrif loftslagsbreytinga á hafið og lífríki þess og á lífsafkomu á norðurslóðum.

Auðlindir hafsins

Vegna þessara miklu hagsmuna hefur Ísland um árabil verið leiðandi í alþjóðlegu samstarfi varðandi hafréttarmál og fiskveiðar, s. s. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunar. Málefni hafsins í víðara samhengi eru stöðugt til umfjöllunar í utanríkisþjónustunni, þ. m. t. áhrif loftslagsbreytinga á hafið, vistkerfisnálgun, varnir gegn mengun og súrnun sjávar, verndun og nýting líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu, hnattræn áhrif breytinga á norðurslóðum, og mikilvægi auðlindanýtingar í hafinu fyrir fæðuöryggi og efnahagslegar framfarir í þróunarríkjunum.

Ísland er virkur þáttakandi í reglulegum fundum um ýmis málefni hafsins, svo sem fundi fiskinefndar FAO, sem er mikilvægasti vettvangur aðildarríkja SP um málefni hafsins, og auk þess aðildarríkjafundi hafréttarsamningsins, reglulegri endurskoðun á úthafsveiðisamningnum, úttekt á aðgerðum ríkja til að vernda viðkvæm botnsvæði í hafi fyrir skaðvænlegum

veiðum og samningaviðræðum um hafréttarályktun og fiskveiðiályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Unnið er að gerð samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja og fram fara viðræður um gerð samnings um stjórnun fiskveiða í Norður-Íshafinu. Fram undan í júní er ráðstefna hjá SP í New York um 14. heimsmarkmiðið er lýtur að hafinu.

Loftslagsmál

Ísland var á meðal fyrstu ríkja til að fullgilda Parísarsamninginn en gildistaka samningsins verður að teljast mikilvægur áfangi fyrir mannkynið og stefnumörkun til framtíðar í loftslagsmálum. Fram undan eru samningaviðræður við Evrópusambandið og Noreg um hlutdeild Íslands í 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 miðað við árið 1990. Viðbrögð við loftslagsbreytingum eru því einn af meginþáttum í málflutningi Íslands á alþjóðavettvangi og er sérstök áhersla lögð á áhrif loftslagsbreytinga á hafið og lífríki þess og á lífsafkomu á norðurslóðum.

Endurnýjanleg orka

Markmiði Parísarsamningsins um að stemma stigu við hækkun hitastigs á jörðinni verður helst náð með því að auka verulega hlut endurnýjanlegrar orku í orkunýtingu mannkyns. Stuðningur við jarðhitanytingu er því mikilvæg í samstarfi Íslands á vettvangi alþjóðastofnana á borð við Alþjóðastofnun um málefni endurnýjanlegrar orku (IRENA), sjálfbæra orku fyrir alla (SE4All) og Alþjóðabankann. Markmiðið er að starfa með öðrum þjóðum sem hafa áhuga á að hraða nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og greiða fyrir aukinni fjármögnun verkefna á þessu sviði. Ísland átti frumkvæði að stofnun Jarðhitabandalags IRENA en fjöldi aðildarríkja er nú 41, auk 27 stofnana sem taka þátt. Samstarf Íslands á sviði endurnýjanlegrar orku fer einnig fram með tvíhliða samstarfi við einstök ríki, þar á meðal við nokkur ríki í Austur-Afríku.



Norðurslóðir

Málefni norðurslóða hafa orðið æ fyrirferðameiri á alþjóðavettvangi og tengist það ekki síst loftslagsbreytingum, umræðum um sjálfbæra nýtingu og vernd náttúruauðlinda, landgrunns- og fullveldiskröfum, samfélagsbreytingum og opnun nýrra siglingaleiða. Ljóst er að fá ríki eiga jafn ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldari þróun svæðisins og Ísland.

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti fjölþjóðlegi samstarfs-vettvangurinn um málefni norðurslóða. Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021 verður einn mikilvægasti vettvangur á næstu fimm árum til þess að vekja athygli á hagsmunum Íslands, afleiðingum loftslagsbreytinga á Norðurslóðum, og málefnum hafsins og sjálfbærri nýtingu auðlinda þess.



ÁHERSLUR RÁÐHERRA

Ég vil undirstrika mikilvægi jafnvægis milli sjálfbærrar nýtingar og verndunar auðlinda hafsins á grundvelli vísindalegrar nálgunar. Ísland hefur ávallt staðið vörð um hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og þau réttindi sem hann tryggir ríkjum. Mikilvægast þátturinn í viðbrögðum okkar við loftslagsbreytingum varðar hafið og auðlindir þess. Þar eru lífshagsmunir þjóðarinnar og það er eitt af meginviðfangsefnum utanríkisstefunnar að gæta hagsmuna okkar gagnvart öðrum ríkjum í þeim efnum, hvort sem er á næstu hafsvæðum eða í hnatttrænt.

Ísland var á meðal fyrstu ríkja til að fullgilda Parísarsamninginn og þar með gerast aðili að stefnumörkun til framtíðar í loftslagsmálum. Samningurinn nær til aðgerða ríkja eftir árið 2020, skyldar þau til þess að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga, tryggir fjármagn til loftslagsvænna lausna og aðstoð við ríki sem verða verst úti vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Á ráðstefnu um málefni norðurslóða í Arkangelsk í lok mars lagði ég áherslu á að það sem gerist á norðurslóðum hefur áhrif langt út fyrir svæðið og á sama hátt hefur þróun fjarri norðurslóðum mikil áhrif á málefni svæðisins. Norðurslóðir eru því nátengdar öðrum svæðum og við erum þar háð viðtækri samvinnu hvað sem líður ágreiningsmálum annars staðar. Norðurslóðir eru ekki lengur á hjara veraldar, heldur gegna lykilhlutverki í framtíð okkar allra. Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-21 skapar einstakt tækifæri til að styrkja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi í þessum málaflokkum.

ÞRÓUNARSAMVINNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands. Hin metnaðarfullu markmið, sem eru 17 talsins, beinast hvort tveggja að innanlandsstarfi og starfi Íslands á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld hafa það að yfirmarkmiði að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli kynjajafnréttis, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar.

Heimsmarkmiðin eru leiðarljós

Heimsmarkmiðin eru einnig leiðarljós að meginmarkmiðum þróunarsamvinnunnar: Að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, með jafnrétti að leiðarljósi, að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

Ný þróunarsamvinnuáætlun

Unnið er að móttun nýrrar stefnu stjórnvalda á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu fyrir tímabilið 2017–2021, sem lögð verður fyrir Alþingi, ásamt aðgerðaráætlun fyrir árin 2017–2018. Framkvæmd hefur verið fyrsta jafningjarýni um íslenska þróunarsamvinnu á vegum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC). Jafningjarýni er fastur liður í störfum nefndarinnar, unnin af fulltrúum tveggja aðildarríkja, ásamt starfsmönnum DAC.

Á síðustu árum hefur þróunarsamvinna Íslands haft þrjú áherslusvið: Uppbygging félagslegra innviða, bætt stjórnarfar og endurreisn og sjálfbær nýting náttúruauðlinda. Tvö málefni hafa verið þverlæg: Jafnrétti kynjanna og umhverfismál. Starfað hefur verið í Afríku í Malaví, Mósambík og Úganda, og auk í Afganistan og Palestínu þar sem stuðningi var beint í gegnum fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Fjölþjóðlegar áherslustofnanir hafa verið eftirfarandi: Alþjóðabankinn, Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Barnahjálp SP (UNICEF) og Háskólar Sameinuðu þjóðanna (HSP) og í mannúðaraðstoð: Matvælaáætlun SP (WFP), Neyðarsjóður SP (CERF) og Samræmingarskrifstofa SP í mannúðarmálum (OCHA).

Íslenska friðargæslan

Árið 2016 voru 15 ár liðin frá stofnun Íslensku friðargæslunnar sem starfar samkvæmt lögum 73/2007. Umfangsmesta verkefni Friðargæslunnar var þátttaka í aðgerðum alþjóðasamfélagsins (ISAF) í Afganistan 2002–2014. Á sl. ári voru 20 einstaklingar í verkefnum á vegum Friðargæslunnar, þar af 12 konur og átta karlar. Miklar breytingar og þróun hafa átt sér stað í hinu alþjóðlega umhverfi og er mikilvægt að starf Friðargæslunnar taki mið af því og þjóni áfram framgangi utanríkisstefnunnar.

Neyðar- og mannúðaraðstoð

Ísland hefur lagt umtalsvert fé til mannúðarstarfs á síðustu misserum. Þörfin fyrir mannúðaraðstoð hefur aldrei verið meiri en í dag, enda hefur aldrei verið jafnmikill fjöldi fólks í heiminum á flóttu, flestir vegna langvarandi stríðsátaka, ofbeldis og ofsókna. Um síðustu áramót var áætlað að 65 milljónir manna væru á flóttu í heiminum. Þessi mikla fjölgun flóttafólks síðustu ár hefur m.a. átt þátt í að auka straum þess til Evrópu yfir Miðjarðarhafið. Eina leiðin til að stöðva þennan straum flóttafólks, sem langflest er frá óstöðugum svæðum í Mið-Austurlöndum, Afríku og Mið-Asíu, er að binda enda á drifkraftana sem knýr fólkið áfram, hvort sem það er stríð, hungursneyð eða almenn fátækt. Heimsmarkmiðin byggja á þeirri forsendu að friður og sjálfbær þróun séu órjúfanlega tengd, enda er 16. markmiðið helgað friðarmálum og réttarríkinu.




Úttektir og árangur

Úttektir skipa mikilvægan sess í verklagi þróunarsamvinnu, enda skila þær þekkingu um árangur verkefna og þann lærdóm sem draga má af því sem vel gengur og þess sem betur mætti fara. Unnið hefur verið markvisst að því að innleiða heildrænt kerfi úttekta og eftirlits á þróunarsamvinnuskrifstofu. Unnið var að úttektarstefnu þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur OECD.

Áætluð framlög til þróunarsamvinnu

Árið 2016 námu framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 6,9 milljörðum kr. sem svarar til 0,28% af vergum þjóðartekjum (VÞT). Framlög til flóttamanna og hælisleitenda hækkðu um tæpa 1,3 milljarða kr. milli ára. Til samanburðar námu framlögin tæplega 5,3 milljörðum kr. á árinu 2015 sem var 0,24% afVÞT.

FRAMLÖG ÍSLANDS TIL ÞRÓUNARSAMVINNU Á ÁRINU 2016



ÁHERSLUR RÁÐHERRA

Í þróunarsamvinnu legg ég áherslu á tvennt. Annars vegar að við vinnum á þeim vettvangi þar sem við höfum meira og betra fram að færa en aðrir. Þannig nýtist sérþekking Íslendinga best í aðstoð og samvinnu við þróunarríkin. Á þetta einkum við um sérþekkingu í fiskveiðum og sjávarútvegi annars vegar og nýtingu jarðvarma hins vegar. Þegar er komin góð reynsla á starf okkar á þessum sviðum í þróunarlöndunum sem hvetur okkur til dáða frekar. Munum við starfa að þessu ýmist tvíhliða með samstarfsríkjum og í samvinnu við viðkomandi fjölþjóðastofnanir, eins og Matvæla- og landbúnaðarstofnunina og Alþjóðabankann.

Hins vegar er mikil þörf á því að skoða alla möguleika á samvinnu við einkafyrirtæki og atvinnulífið um þróunarverkefni þar sem það er hægt, auk áframhaldandi góðrar samvinnu við frjáls félagasamtök. Ljóst er að opinbert fjármagn nægir ekki til að ná heimsmarkmiðunum; einkafjármagn þarf til. Flest helstu framlagaríki og fjölþjóðastofnanir í þróunarsamvinnu hafa nú innan sinna vébanda virkar starfseiningar sem sinna samvinnu við atvinnulífið og einkafyrirtæki. Huga þarf að myndun slíkrar einingar í þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem eigi gott samstarf við viðskiptaþjónustu ráðuneytisins og Íslandsstofu og njóti þekkingar þessara aðila og sambanda þeirra við atvinnulífið.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Markmið í öryggis- og varnarmálum

- 1: Tryggja að á Íslandi séu trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
- 2: Tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins, kerfa NATO og varnarmannvirkja á Íslandi og að ávallt sé unnin og til staðar skýr stöðumynd af loftrýminu og hafsvæðinu við Ísland.
- 3: Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjustuðningur og viðbúnaðageta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðar- sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

#	TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐARADILI
1	1	Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFCO og SP á sviði öryggis- og varnarmála.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
2	1	Tryggja nægar fjárveitingar til málaflöksins bæði frá íslenska ríkinu og NATO í samræmi við skuldbindingar.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
3	1	Uppfæra varnaráætlun NATO fyrir Noreg, Ísland og Norður-Atlantshafið og gera varnaráætlun fyrir Ísland. Æfa Dynamic Mongoose 2017 og Trident Juncture, 2018. Stefnt er að því að hluti þeirra varnaræfinga fari fram á og umhverfis Ísland.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
4	2	Viðhalda varnarmannvirkja og kerfa á Íslandi, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS).	2017 - 2020	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
5	2	Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþætту loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið.	2018 - 2021	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
6	2	Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
7	3	Styrkja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðinu til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum.	2017 - 2020	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan
8	3	Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið Landhelgisgæslan

Markmið utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála

- 1: Standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.
- 2: Standa betur vörð um grunnildi utanríkisstefnu Íslands - lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra og sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
- 3: Standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum.

#	TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐARADILI
1	1, 2 og 3	Stýrihópur endurskoði forgangsröðun verkefna og geri tillögur um breytingar á utanríkisþjónustunni.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
2	1	Bæta þjónustu við Íslendinga erlendis, m.a. með betri búnaði, og styrkja viðbragðsgetu ráðuneytisins og sendiskrifstofa í neyðartilvikum erlendis.	2018	Utanríkisráðuneytið
3	1	Auka enn frekar virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
4	2 og 3	Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins alls.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
5	2	Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði sbr. t.d. rakarastofuviðburði, og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið
6	2	Tryggja virka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins og standa vel að formennsku í norrænu samstarfi (N5+NB8) 2019 og í Norðurskautsráðinu 2019 - 2021.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið
7	3	Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti.	2017 - 2019	Utanríkisráðuneytið
8	3	Tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgða í loftslagsmálum.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
9	1, 2 og 3	Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Markmið í utanríkisviðskiptum

- 1: Bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum, m. a. með fríverslunarsamningum, og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.
- 2: Styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.
- 3: Innleiða allar reglur EES samningsins tímanlega svo tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES markaði.

#	TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐARADILI
1	1 og 2	Styrkja samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu og efla samstarf við atvinnulífið, m.a. með því að endurskoða lög um Íslandsstofu.	2017 - 2020	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
2	1 og 2	Setja á fót útflutning- og markaðsráð og marka langtíma stefnu er varðar útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
3	1 og 2	Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, menntamálaráðuneytið og hagsmunaaðila.	2018	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
4	1	Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB, m.a. með nægum mannafla.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
5	1	Kynna fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífina og efla samráð við haghafa.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
6	1	Setja heildarstefnu á sviði utanríkisviðskipta, m.a. með það að markmiði að styrkja net viðskiptasamninga.	2017 - 2021	Utanríkisráðuneytið
7	2 og 3	Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES löggjafar.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
8	2 og 3	Ljúka innleiðingu EES - gagnagrunns og gera að helsta vinnutæki stjórnvalda við utanumhald EES - mála.	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
9	3	Auka samstarf við önnur EFTA - ríki á fyrri stigum upptökuferlis.	2018	Utanríkisráðuneytið

Markmið í þróunarmálum

- 1: Bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, með jafnrétti að leiðarljósi.
- 2: Bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenskri sérþekkingu.
- 3: Auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

#	TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐARADILI
1	1	Menntun: Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Buikwe og Kangala) og Malaví (Mangochi).	2017-2018	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
2	1	Heilsa: Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði í Malaví. Stuðningur við UNICEF í Palestínu.	2017-2018	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
3	1	Vatn: Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Úganda (Buikwe) og Malaví (Mangochi). Stuðningur við UNICEF í Mósambík, (Zambesía).	2017-2018	Utanríkisráðuneytið Íslandsstofa
4	2	Fiskimál: Samstarfsverkefni með Noregi á sviði fiskimála með fiskimálaráðuneyti Mósambík, stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi og fiskisamstarf innan Alþjóðabankans.	2017-2018	Utanríkisráðuneytið
5	2	Jarðhiti: Stuðningur við jarðhitarannsóknir í Austur- Afríku,	2017 - 2018	Utanríkisráðuneytið
6	2	Landgræðsla: Stuðningur við Landgræðsluskóla HSP á Íslandi.	2017-2018	Utanríkisráðuneytið
7	3	Mannúðaraðstoð: Framlög til OCHA, CERF, UNHCR, WFP og ICRC. Rammasamningar við borgarasamtök og áherslustofnanir. Eyrnamerkt framlög og liðsafl til áherslustofnana, ICRC, Alþjóðabjörgunarsveitarinnar/Landsbjargar.	2017-2018	Utanríkisráðuneytið



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ